



Fundargerð hreppsnefndar 11. apríl 2013

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 11. apríl 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Kristján Guðjónsson og Bárður Jónasson.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 21. mars sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 21. mars sl.

Fundagerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta fyrir árið 2012.

-Fyrri umræða.- Fulltrúi KPMG mætir á fundinn.

Á fundinn mætti endurskoðandi KPMG, Magnús Jónsson.

Lagður fram ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2012 fyrir A- og B-hluta sjóði, ásamt sundurliðunum. Jafnframt lögð fram skýrsla endurskoðenda með ársreikningum 2012. Ennfremur lögð fram greinargerð sveitarstjóra með ársreikningum ársins 2012.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir framlögðum ársreikningi og fór yfir greinargerð sína með reikningunum, í henni segir meðal annars:

Í fyrsta lagi:

„Heildartekjur A- hluta sveitarsjóðs voru 490,2 m. kr., þar af voru útsvar og fasteignaskattur 288,0 m.kr., framlög Jöfnunarsjóðs 123,3 m. kr. og aðrar tekjur 78,8 m. kr.

Heildargjöld A- hluta voru á hinn vænginn 450,1 m. kr., fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Að viðbættum afskriftum 26,8 m.kr. eru gjöld A- hluta 476,8 m.kr. og þegar tekið hefur verið tillit til fjármunatekna og fjármagnsgjalda að fjárhæð 2,7 m.kr. og framlaga til B-hluta að fjárhæð 11,0 m. kr. er rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 10,6 m.kr.

Rétt er að geta þess að í ársreikningi 2012 er rekstrarhalla B-hluta fyrirtækja mætt að fullu með framlögum úr A-hluta samtals að fjárhæð 11, 0 m.kr. Rekstrargjöld í aðalsjóði hækka af þeim sökum sem því nemur.

A- hluti sveitarsjóðs skilar samkvæmt þessu 40,1 m.kr. í hagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði svokölluð EBITDA, en samstæðan öll, þ. e. A- hluti að viðbættum B-hluta sjóðum er rekin með liðlega 159,0 m. kr. hagnaði á sama grunni, þ. e. EBITDA.

Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 668,9 m. kr., en heildarútgjöld hennar þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta að fjárhæð 46,2 m. kr., voru 556,1 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því jákvæð í samstæðunni um 112,8 m.kr. Þegar aftur á móti tekið hefur verið tillit til niðurstöðu fjármunatekna og –gjalda, að fjárhæð 40,3 m.kr. í gjöld umfram tekjur kemur í ljós að samstæðan öll var rekin með 72,5 m. kr. hagnaði árið 2012.

Hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins, þ.e. laun og rekstrargjöld, hækkar um liðlega 9,8 % eða úr 464,1 m. kr. 2011 í 509,9 m.kr. árið 2012. Heildargjöld að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsgjalda/tekna hækka um 263,6 % eða úr 364,4 m.kr. 2011 í 596,3 m.kr. árið 2012. Þetta skýrist af langstærstum hluta af því að sveitafélagið seldi eignarhlut sinn í HB Granda á árinu 2011. Af þeim sökum voru fjármagnsliðir jákvæðir um 144,5 m.kr. árið 2011 samanborið við 40,2 m.kr. í gjöld árið 2012 eins og að framan greinir.

Hagnaður samstæðunnar í heild breytist úr 254,7 m.kr. árið 2011 í 72,5 m.kr. hagnað árið 2012. Lækkunin skýrist af verulegum söluhagnaði hlutabréfa, sem fékkst við sölu slíkra bréfa á árinu 2011.

Í öðru lagi:

„Á liðnu ári var áfram haldið með aðgerðir til þess að lækka rekstrarkostnað og reynt að vera á tánum hvað varðar rekstrarkostnað hinna mismunandi deilda í góðri samvinnu við forstöðumenn deildanna. Í stórum dráttum má segja að á þessum liðum hafi tekist vel til við að halda í horfinu. Hækkun á verðlagi almennra rekstrarvara og hækkunir launa samkvæmt kjarasamningum setja þó sitt mark á niðurstöðutölnar, enda ekki hjá því komist að kyngja þessum verðhækkunum, ef veita á sömu þjónustu og áður.

Laun og önnur rekstrargjöld hækkðu samtals um 9,8 % eða úr 464,0 m.kr.árið 2011 í 509,9 m.kr. árið 2012. Þetta verður að teljast nokkuð góður árangur, þar sem hinar mismunandi rekstrarvörur hafa hækkað verulega í verði milli ára. Nægir þar að nefna rafmagn, olíur og matvæli svo dæmi séu tekin, þá hækka laun einnig fyrir áhrif kjarasamninga sem tóku gildi á árinu sem var að líða. Laun og launatengd gjöld saman hækka úr 267,1 m.kr. 2011 í 278,4 m.kr. 2012, sem er 4,23 % hækkun.“

Í þriðja lagi:

„Á árinu var framkvæmt fyrir 103,7 m.kr. nettó. Helstu framkvæmdirnar voru lúkning leikskóla 11 m.kr., hafnarframkvæmdir fyrir 32,5 m.kr., en á móti fengust framlög frá ríki að fjárhæð 19,6 m. kr., vatnsveita 27,9 m.kr., fráveita 31,2 m. kr., endurbætur á Sambúð 4,8 m. kr. og tækjabúnaður í skóla og íþróttahús 4,5 m. kr.

Meginhluti langtímalána sveitarfélagsins eru tengd vísitölu neysluverðs og eru reiknaðar verðbætur og gengismunur ársins 25,8 milljónir. Fjárhæð þessi kemur til hækkunar á höfuðstól lána sveitarfélagsins og á móti er fjárhæðin færð til gjalda í rekstri þess árið 2012, en kemur til greiðslu á eftirstöðvatíma lánanna. Ljóst má því vera að verðbólguþróun ræður miklu um afkomutölu sveitarfélaga til framtíðar eins og áður hefur komið fram.

Í heild eru erlend lán sveitarsjóðs um 7,2 % heildarlána og er ljóst að miðað við gengisfall íslensku krónunnar þá hefði reiknaður gengismunur orðið mun hærri tala hefði hlutfall erlendra lána verið hærri. Það hlýtur því að teljast athugunarefni hversu hátt þetta hlutfall ætti að vera og ljóst er að mörg sveitarfélög eru með mjög hátt hlutfall erlendra lána, sem þau hafa vafalítið tekið í krafti mikils vaxtamunar á erlendum og innlendum lánnum á sínum tíma.

Í samstæðunni í heild voru greidd niður lán að fjárhæð 50,3 m. kr. á árinu. Í nýjum sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi 1. janúar 2012 er lögð sú lína að hlutfall heildarskulda af tekjum megi ekki fara yfir 150 % og er sveitarfélögum gefinn 10 ára aðlögunartími til þess að ná því marki. Í ársreikningi 2012 er þetta skuldahlutfall 100,8 %. Annað viðmið sem sett hefur verið fram í reglugerð nr. 502/2012 er svokallað skuldaviðmið, sem er 87,7 % í ársreikningi 2012. Vopnafjarðarhreppur er því vel undir þeim viðmiðum sem sett eru fram í umgetinni reglugerð hvort heldur horft er til skuldahlutfalls eða skuldaviðmiðs eins og þau eru skilgreind.

Engin ný lán voru tekin á árinu 2012 á móti afborgunum lána. Skuldir og skuldbindingar lækka í heild úr 717,0 m. kr. í 675,0 m.kr. eða um 42,0 m. kr..”

Í fjórða lagi:

„Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur síðan fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum -og gengismun, og skuldbindingum er veltufé frá rekstri jákvætt um 149,6 m.kr. og þegar tekið hefur verið til viðbótar tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum þá kemur fram að handbært fé frá rekstri er jákvætt um 113,4 m.kr. Þetta fjármagn gengur síðan til greiðslu á fjárfestingum og afborgunum lána eins og fram hefur komið.

Að öllu þessu töldu kemur fram að handbært fé í árslok er 120,0 m.kr. en var í upphafi ársins 156,1 m. kr.

Miðað við niðurstöðu þessa ársreiknings geta Vopnfirðingar horft björtum augum til framtíðar. Ljóst er þó að halda þarf fast um stjórnvölinn til þess að settum markmiðum verði náð.“

Í framhaldi af yfirferð sinni lagði sveitarstjóri síðan til að ársreikningunum yrði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Endurskoðandi KPMG, Magnús Jónsson, fór síðan skilmerkilega yfir ársreikningana og endurskoðunarskýrslu sína með ársreikningum sveitarfélagsins fyrir árið 2012 og svaraði

fyrirspurnum fundarmanna.

Að yfirferð hans lokinni, þakkaði oddviti fyrir greinargóðar lýsingar beggja aðila. Síðan fóru fram frekari umræður og fyrirspurnir þar sem endurskoðandi ásamt sveitarstjóra svöruðu framkomnum fyrirspurnum.

Að þessu loknu bar oddviti upp fyrirleggjandi tillögu um að vísa ársreikningunum til síðari umræðu. Tillagan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

3. mál. Drög að siðareglum kjörinna fulltrúa Vopnafjarðarhrepps.- Síðari umræða.-

Um fyrirleggjandi siðareglur var áður fjallað á fundi hreppsnefndar 21. mars sl., og var þeim þá vísað til síðari umræðu.

Oddviti gerði grein fyrir fyrirleggjandi drögum að siðareglum og lagði til að reglurnar yrðu samþykktar og sveitarstjóra falið að senda þær til samþykktar í Innanríkisráðuneytinu.

Að loknum umræðum var tillaga oddvita samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

4. mál. Bréf frá Neyðarlínunni dags. 21. mars sl., varðandi fjarskiptahús á Rjúpnafelli.

Lagt fram erindi frá Neyðarlínunni dags 21. mars sl., varðandi fjarskiptahús á Rjúpnafelli.

Hreppsnefnd fagnar framkomnu erindi og vísar því til umfjöllunar í byggingar og skipulagsnefnd.

5. mál. Rannsóknarnefnd sjóslysa bréf dags. 25. mars sl, varðandi umsögn um strand Silver Copenhagen á Vopnafirði

Lagt fram bréf frá rannsóknarnefnd sjóslysa, varðandi umsögn skv. ákvæðum laga nr. 68/2000 og 17. gr. reglugerðar um rannsókn sjóslysa. Beiðni þessi er tilkomin vegna strands skipsins Silver Copenhagen í Vopnafjarðarhöfn að morgni dags þann 1. ágúst 2012.

Samþykkt að fela hafnarstjóra og hafnarverði að vinna slíka umsögn, sem kynnt verði í Hafnarnefnd.

6. mál. Umsókn um rekstrarleyfi vegna gisti og veitingarekstur að Hafnarbyggð 26. -Umsögn.-

Lagt fram erindi Sýslumannsins á Seyðisfirði frá 3. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar Vopnafjarðarhrepps um endurnýjun á rekstrarleyfi Guðna Ásgrímssonar, vegna Gistiheimilisins að Mávahlíð.

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps sér ekkert því til fyrirstöðu að umbeðið rekstrarleyfi fyrir gistiheimili að Mávahlíð verði veitt.”

Fyrirleggjandi tillaga samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Sveitarstjóra og oddvita var falið að ræða við rekstraraðila um hugsanlegar úrbætur bílastæðamála við gistiheimilið.

7. mál Bréf Þjóðskrár Íslands frá 27. mars sl., varðandi meðferð kjörskrárstofna vegna Alþingiskosninga 27. apríl 2013. Jafnframt lagður fram kjörskrárstofn Vopnafjarðarhrepps fyrir komandi Alþingiskosningar.

Kjörskrá Vopnafjarðarhrepps við Alþingiskosningar 27. apríl 2013.

Lagður fram stofn að kjörskrá fyrir Vopnafjarðarhrepp, sem unnin hefur verið af Hagstofu Íslands.

Alls eru 520 á kjörskrá Vopnafjarðarhrepps fyrir þessar kosningar, þar af eru 280 karlar og 240 konur.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir samhljóða framlagða kjörskrá fyrir Alþingiskosningar 27. apríl n. k. eins og hún liggur fyrir og felur sveitarstjóra að yfirfara og undirrita hana.

Fyrirleggjandi tillaga samþykkt með 7 atkvæðum.

Vegna forfalla fulltrúa í kjörstjórn þarf að kjósa nýja fulltrúa sem varamenn í kjörstjórn. Tillaga kom fram um eftirtalda nýja varamenn í kjörstjórn: Guðrúnu Stefánsdóttur, Jóhann Mátí Róbertsson og Hrunn Snorradóttur. Fleiri tillögur komu ekki fram. Kjörstjórn Vopnafjarðar fyrir Alþingiskosningar 27. apríl 2013 er því í heild þannig að aðalmenn eru: Svanborg Víglunds dóttir, Baldur Kjartansson og Hrafnhildur Helgadóttir og til vara Guðrún Stefánsdóttir, Jóhann Mátí Róbertsson og Hrunn Snorradóttir.

Fyrirleggjandi tillaga um kjörstjórn samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum

Kjörstaður verður í Miklagarði og verður opinn frá kl. 10.00-22.00.

8. mál. Yfirlit yfir fyrirhugaðar framkvæmdir Vopnafjarðarhrepps á árinu 2013. –Umræða.-
Lagt fram yfirlit yfir helstu framkvæmdir, sem fyrirhugað er að vinna að á árinu 2013., samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Gerð var grein fyrir yfirlitinu og jafnframt kynnt útboðsgögn vegna malbiksframkvæmda sem áætlað er að verði langstærsta framkvæmd ársins. Tilboðum í það verk verður skilað 12. apríl nk.

Í framhaldi af því verður nánar farið yfir það hvernig best verðu staðið að þeim framkvæmdum sem áætlað var að vinna að á árinu 2013.

9. mál. Lagt fram starfsleyfi fyrir sundlaug Vopnafjarðarhrepps ásamt starfsleyfisskilyrðum. Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 14. des. sl., þar sem óskað er eftir framlengingu starfsleyfis fyrir sundlaugina í Selárdal.

Jafnframt lagt fram tímabundið starfsleyfi sem fengist hefur fyrir reksturinn ásamt starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Austurlands dags. 26. mars sl.

Nokkrar umræður urðu um fyrirhugaðar framkvæmdir við Sundlaugina og stöðu þess máls.

Fundarmenn voru sammála um að skoða þyrfti alla möguleika í þessu sambandi og gæta vela þó því hvernig næstu skref yrðu stigin.

10. mál. Bréf Umhverfisstofnunar frá 3. apríl sl., varðandi útstreymisbókhald urðunarstaða.

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar frá 3. apríl sl., varðandi útstreymisbókhald urðunarstaða.

Gerð var grein fyrir erindinu og í framhaldi var sveitarstjóra falið að svara Umhverfisstofnun.

Þessi málsmeðferð samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

11. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 14. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

b) Bréf neytendastofu dags. 27. Mars sl., varðandi námskeið til löggildingar vigtarmanna.

Lagt fram til kynningar.

c) Fundargerð samtaka sjávarútvegsfyrirtækja frá 3. apríl 2013.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.35